

Jakobína Björnsdóttir Fáfnis [duln.: Bína Björns]

Fædd 25. maí 1874 að Grenjaðarstað, Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hennar voru Hólmsfríður M. Pétursdóttir og Björn Magnússon. Auk Jakobínu eignuðust þau fjóra syni er upp komust. Björn faðir þeirra lést árið 1881 aðeins 39 ára að aldri úr lungnabólgu. Ekkjan gat einungis haldið búi fyrir harðæris sakir í fimm ár eftir það og tólf ára flutti Bína þaðan upp í Reykjahlíð með móður sinni og þremur bræðrum, en einum, Jóni Skúla, var komið í fóstur til skyldmenna í Kaupmannahöfn. Hann varð stúdent í Reykjavík en bjó eftir það í Danmörku. Annar bróðir lést tvítugur 1902 en bræðurnir Sigfús og Pétur lifðu allan sinn aldur í Þingeyjarsýslu. Sigfús var faðir dr. Björns Sigfússonar háskólabókavarðar.

Jakobína var námfús og fyrsta skóladvöl hennar, 12 ára, var á Arnarvatni, en Bríet Bjarnhéðinsdóttir var fengin sem vetrarkennari á heimili Sigurðar Magnússonar, en Bína var þá hjá mótbýlismanni hans, Jóni síðar skáldi á Litlu-Strönd. Veturinn 1890-91 stundaði hún skipulegt unglínganám á Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði, en þar sat fósturbróðir móður hennar, séra Jónas Hallgrímsson, en kona hans, Guðrún Jónsdóttir stóð fyrir kennslunni, einkum í dönsku og hannyrðum. Sigfús bróðir Bínu lauk gagnfræðaprófi frá Möðruvöllum sama vorið og hún kom frá Kolfreyjustað en hún var þá 17 ára. Sigfús leiðbeindi systur sinni um bókaval og rökrænt málfar og fór hún yfir mest allt námsefni til gagnfræðaprófs og varð smám saman læs á sænsku og ensku.

Jakobína giftist tvítug að aldri 1894 Hjálmari Stefánssyni fiðluleikara og bónda á Ljótstöðum í Laxárdal, og eignuðust þau þrjú börn, Arinbjörn f. 1896, Egil f. 1898 og Bjarneyju fædda 3 september 1902, en það vor hafði lokið samvistum þeirra hjóna en lögskilnaður þeirra var ekki fullfrágenginn fyrr en fjórum árum síðar, árið 1906. Eldri sonurinn, Arnbjörn, lést úr berklum árið 1916, kominn fast að stúdentsprófi.

Engin af kvæðum Jakobínu fjalla um hjónabandið, hins vegar segir hún í bréfi árið 1932 til bróður síns, Jóns Skúla, á Jótlandi, að Hjálmar Stefánsson væri „reglulega vel gefinn maður, hefði hann kunnað með að fara”. Hjálmar var hagnætur vel og fiðlusnillingur. Bína kom því svo fyrir að Egill umgekkst lítið föður sinn á árunum milli fermingar og 23ja ára aldurs er hann hélt til Vesturheims. Hún áleit að ef þeir kynntust vel yrði Egill ekki prestur, heldur ef til vill frekar fiðluleikari, og gegn því barðist hún af öllum kröftum. Þrátt fyrir þetta þá tengdi skáldskapurinn þau Bínu og Hjálmar alla ævi og viðhélt sáttum með þeim. Vel fóru Hjálmari orð til Bínu alla tíð og voru þau hvort öðru minnstæð til æviloka. Bínu var það mjög í mun að Egill yrði prestur en líklega hefði Arinbjörn orðið það, kannski á Grenjaðarstað, hefðu honum batnað berklarnir.

Veturinn 1904-1905 stundaði Jakobína ljósmóðurnám í Reykjavík. Það var fátítt á þessum tíma að fráskildar sveitakonur og mæður stigu á skipsfjöl til að læra kjólasaum og ljósmóðurfræði. Engar voru rauðsokkur í landinu en ekkjan Bríet Bjarnhéðinsdóttir fyrrum kennari hennar og góð vinkona bjó í Reykjavík og heimsótti Bína hana og naut þar gleði og hvatningar. Jakobína gerðist ljósmóðir Húsavíkur að námi loknu. Árið 1912 varð hún ljósmóðir í Mývatnssveit, síðan í Axarfirði og loks á Akureyri. Hún stundaði einnig saumaskap og aðra aukavinnu.

Árið 1923 hélt Jakobína til Vesturheims, Winnipeg, ásamt dóttur sinni, en yngri sonur hennar, Egill, hafði farið þangað 1921 til prestnáms. Í Vesturheimi tóku Egill og þær mæðgur upp ættarnafnið Fáfnis. Egill vígðist árið 1930 og festi ráð sitt einnig það ár.

Kona hans, Ellen, var af íslensku bergi brotin, og eignuðust þau þrjá syni er upp komust. Mæðgurnar framfleyttu sér við margvísleg störf og nám og lærði Bjarney hárgreiðslu. Hún giftist ekki.

Jakobína var skáldmælt og hún notaði höfundarnafnið Bína Björns. Hún byrjaði snemma að yrkja en fór leynt með það. Hlé verður árin 1917-35 á kvæðum sem marka spor á skáldferli Bínu, og fátt geymt af skáldskap hennar frá þeim árum. Helst eru það tækifæriskvæði. Hún sendi kvæði í bréfum „heim” til móður sinnar frá Vesturheimi en móðir hennar eyddi þeim að beiðni Bínu á 91. og 92. ári sínu er hún beið kalls, en hún lést árið 1939 níutíu og tveggja ára að aldri. Tekið var eftir hagnælsku Bínu með kvæðinu *Skarðssel* sem hún orti ung að árum:

Skarðssel

1896-1901

Ég á að fara upp í Sel!
angandi hríslur fót minn strjúka,
á mér liggur svo ósköp vel,
úti hjá Kröflu sé ég rjúka.
Þar kyndir Drottinn alltaf eld,
aldrei hann felur nokkurt kveld.

Lítill er bær á hægri hönd
hrófaður upp úr torfi og grjóti.
Við lága hlíð, á lækjarströnd,
lítur hann broshýr okkur móti.
Þumlungur góði, hlauptu hart,
hlakka ég til að skoða margt.

Blessuð og sæl, þú litla lind
sem löngum svalaðir heitum barmi.
Svo tókst þú af mér marga mynd
og með hana hvarfst á glærum armi.
Ætli þú hafir enga geymt,
okkar vinskap að fullu gleymt?

Litast ég um í lágum bæ,
í litla fletinu rúm ég hafði.
Betri í heimi hvíld ég ei fæ
en hér er mig svefninn örmum vafði,
í loftið var strigi lagður slétt
og léreft í „gluggarúðu” sett.

Ég elska hér bæði hraun og hól
og himin sem yfir öllu hvílir,
hlíðanna gula og græna kjól,
gnípu ljósa sem dalnum skýlir,
ég sakna einskis og óska mér
með ástvinum stöðugt að búa hér.

Jakóbína saknaði bernskusveitar sinnar og móður sinnar alla tíð. Þessi söknuður birtist sterkt í ljóðum hennar.

Til mömmu

1916

Þeir segja það heimskingjans hugarburð,
að handan við gróf komi dagur.
Þeir sjá ekki neitt nema harðlæsta hurð,
hver hugsjón verður sem gróðurlaus urð.
En eg sé, að aftur rís dagur,
mamma, sá morgunn er fagur!

Séra Egill Fáfnis hafði hug á því að starfa á Íslandi um eitthvert skeið, eða jafnvel ílendast þar, en frestaði því vegna embættisskyldna vestra. Amma hans, Hólmfríður móðir Jakobínu, skrifaði honum árið 1936 og sagðist lengja eftir að farfuglarnir heiman úr hreiðrinu sínu tækju innlent hreiður að nýju. Hjálmar Stefánsson, faðir Egils, óskaði innilega þess sama. Viðbrögð Bínu urðu m.a. kvæðið *Farfuglinn*. Söknuðurinn birtist sterkt í ljóðinu og er magnaður með endurtekningu (draugalagi) í lok hvers erindis og segir okkur að frelsið í vestrinu er augljóslega ekki algert.

Farfuglinn

1936

Hvíli ég væng á hvítum voðum,
hátt var svif á stormsins boðum,
hossaðist létt í hrannar froðum,
hræddist ekki breiðan sjó.
En nú er mér flugið um og ó,
og bönd eru í mína báða skó.

Enginn skilur innstu þrána:
Óðar en mjöllin fór að hlána,
himinninn sýndist hýrna og blána,
hug minn allan fjarlægð dró.
En nú er mér flugið um og ó,
- ég er bundin í báða skó.

Sárt er að kveðja sólskinslöndin,
samt var þráin nýja ströndin.
Hart var að slíta hjartans böndin,
- harðara löngun svæfa þó. –
En nú er mér flugið um og ó,
og bönd eru í mína báða skó.

Þegar úr vængjum líður lúinn,
lyfti ég fæti altílbúin.
Vonin er ekki frá mér flúin,
fram undan er ljómi um sjó.
Þó mér sé flugið um og ó
og togi bönd í báða skó.

Úr ægi lyftast óskastrendur,
út eru breiddar mjúkar hendur,
fuglinum þreytta friður sendur,
fegurð þreyð og dýrleg ró.
Horfið er lífsins um og ó
og röknuð böndin í báða skó.

Séra Egill lést óvænt úr hjartaslagi 13. október 1953 áður en hann hafði uppfyllt draum sinn um að snúa aftur til Íslands.

Jakobína lést í Winnpeg 15. apríl 1941 og er jarðsett þar.

Ljóðabókin *Hvíli ég væng á hvítum voðum*, eina bók Jakobínu, kom út árið 1973 og annaðist bróðursonur hennar, Björn Sigfússon, útgáfu hennar en dóttir hennar valdi bókartitilinn.

Heimildir:

Bína Björns (duln. f. Jakobína Björnsdóttir) (1973). *Hvíli ég væng á hvítum voðum*. Reykjavík: Helgafell.